

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Garðabær, 27. júlí 2023
Málsnúmer: 202307-0023
IAS

Efni: Umsögn skipulagslýsingu vegna breytingu á aðalskipulagi

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsgáttinni, dags. 17. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna fyrirhugaðra jarðstrengja að fiskeldisstöðvum vestan Þorlákshafnar.

Stækka á tengivirki við Suðurstrandaveg og leggja þaðan tvo jarðstrengi að fyrirhuguðum fiskeldisstöðvum Landeldis og GeoSalmon við Keflavík vestan Þorlákshafnar.

Suðurstrandavegur verður þveraður við tengivirkið og strengirnir fylgja svo hjólreiðaleið sem liggur samsíða Suðurstrandavegi. Þar sem hjólreiðaleiðin endar mun annar strengurinn fara til suðurs stystu leið að lóðum Landeldis ehf en hinn heldur áfram með Suðurstrandavegi að svæði GeoSalmon.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir lýsinguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Lagnaleiðin fer öll um hraun frá nútíma, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, og þó að svæðið sé að hluta sandorpið og raskað má víða þrýstihryggi og önnur form í hrauninu sem forðast skal að raska.

Í lýsingunni er talað um tvo strengi sem liggja eiga að fyrirhuguðum eldisstöðvum Landeldis ehf og GeoSalmon. Önnur fyrirtæki (t.d. Thor landeldi) sem fyrirhuga rekstur á svæðinu munu einnig þurfa rafmagn en ekkert er fjallað um þau í lýsingunni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur, á sviði náttúruverndar

